

Nd.

197. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 105 3. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands.

Fm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 13. gr. laganna orðist þannig:

Af lánum samkvæmt staflíð a. og b. skal greiða afborgunir frá upphafi samkvæmt ákvæðum 19. gr., en lán samkvæmt staflíð c., d. og e. mega vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Samkvæmt l. nr. 17 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, máttu lán til íbúðarhúsa, peningshúsa og hlöðubygginga vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en í l. nr. 105 3. maí 1935, féll sú heimild úr gildi, og er þetta frumvarp fram borið til leiðréttingar á því, þar sem sama þörf virðist vera á því, að þessi lán megí vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin hér eftir sem áður.